

Reglur um úthlutun styrkja á eftirfarandi fjárlagaliðum:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti:

Styrkir á sviði listgreina.
Styrkir á sviði menningararfs.
Styrkir á sviði íþróttá- og æskulýðsmála.
Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða.

Sjávar- og landbúnaðarráðuneyti:

Stuðningur við áhugahópa og faglegt starf.

Velferðarráðuneyti:

Styrkir til félagasamtaka.
Styrkir á sviði velferðarmála.

Umhverfisráðuneyti:

Verkefnastyrkir á sviði umhverfismála.
Styrkir til frjálsra félagasamtaka.

1. gr.

Hlutverk og skipulag.

Veita skal styrki til verkefna sem falla undir verkefnasvið ráðuneyta. Ekki er heimilt að veita styrki til þeirra sem hljóta styrk á fjárlögum eða verkefna sem falla undir sjóði ráðuneyta eða samninga. Fjárveitingar eru ákveðnar á fjárlögum ár hvert.

Ráðherra úthlutar styrkjum að fenginni tillögu starfshóps þriggja fagaðila einu sinni á ári. Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna og til ákveðins tíma hverju sinni.

2. gr.

Auglýsingar.

Ráðuneyti auglýsir í október ár hvert eftir umsóknum um styrki í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir og hvar þau séu að finna. Þá skal tilgreindur umsóknarfrestur og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

3. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru,
- nafn þess sem annast samskipti við ráðuneyti,
- nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra,
- tíma- og verkáætlun,
- fjárhagsáætlun, þar sem koma fram m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um,
- staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

4. gr.

Mat á umsóknum.

Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir verkefnasvið ráðuneytis almennt. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks,
- gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks,
- að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að,

- d) starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda,
- e) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina.

Við mat á umsóknum er starfshópnun heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

5. gr.

Úthlutun.

Starfshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur starfshópsins skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Sérhverri umsókn skal fylgja stutt umsögn ásamt tillögu um afgreiðslu hennar.

Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar. Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum og gera við styrkþega samninga er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur að jafnaði ekki til greiðslu fyrir en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis, ársreikningi o.fl.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Ráðuneyti birtir nöfn umsækjenda ásamt nöfnum styrkþega og upphæð styrks.

6. gr.

Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun.

Styrkþegum er skylt að kynna ráðuneytinu stöðu verkefnis. Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinn, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður með skriflegri skýrslu eða á annan hátt sem getið er í samningi við styrkþega og í síðasta lagi fyrir lok þess árs sem styrkurinn var veittur til.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra.